

Tillaga til 470. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 4. febrúar 2021

Tillaga frá 552. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 27. janúar 2021, um að bæjarstjórn heimili útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Vallargötu 5, Flateyri.

11. Vallargata 5, Flateyri - Umsókn/sameining lóða - 2016110027

Lagt fram nýtt mæliblað fyrir Vallargötu 5 á Flateyri eftir að deiliskipulagsbreyting vegna sameiningar lóðanna Vallargötu 3b og Vallargötu 5 var samþykkt á 459. fundi bæjarstjórnar þann 18. júní 2020.

Fylgiskjöl er mæliblað Tæknideildar frá 8. janúar 2021 og drög að lóðarleigusamningi.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Vallargötu 5, Flateyri.